

Elkem Ísland ehf.
Grundartanga
301 Akranes

28. ágúst 2025
UOS2506254/R.S.

Ákvörðun um framlengingu á starfsleyfi Elkem

Elkem ehf. er með starfsleyfi sem gildir til 1. september 2025. Heildarendurskoðun á starfsleyfinu á grundvelli laga nr. 7/1998 er í gangi en ekki næst að ljúka henni áður en núgildandi starfsleyfi rennur út. Rekstraraðili hefur skilað inn umbeðnum gögnum vegna starfsleyfisvinnslunnar. Endurskoðun á vöktunaráætlun fyrir Grundartangasvæðið er einnig í gangi.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda.

Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfis- og orkustofnunar 18. ágúst til og með 25. ágúst sl. Ein athugasemd barst frá landeiganda Fellsenda og Galtalækjar þar sem gerð er athugasemd er varðar þynningarsvæði og varúðarsvæði. Ákvæði um þynningarsvæði voru felld á brott úr starfsleyfinu með breytingu þann 19. júní 2025. Því er ekki í gildi þynningarsvæði fyrir framlengt starfsleyfi Elkem. Í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 – 2032 er þó enn skilgreint varúðarsvæði á því svæði sem þynningarsvæðið var, en varúðarsvæði er skilgreint í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Varúðarsvæðinu verður ekki breytt nema með aðalskipulagsbreytingu sem eru á forræði sveitarfélagsins.

Umhverfis- og orkustofnun hefur ákveðið að framlengja starfsleyfi Elkem ehf. Gildistími starfsleyfisins er til 1. september 2025. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 1. september 2026.

Virðingarfyllst,

Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri